

# STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1989

15. ágúst 1989

791

Nr. 396

## GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögu skipa.

### 1. gr.

Gjald fyrir leiðsögu skips er miðað við brúttórúmllestærð þess og þá vegalengd sem það siglir samkvæmt meðfylgjandi töflu. Fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu skal leiðsögumanni greitt samkvæmt eftirfarandi:

	Kr.
Fyrir skip allt að 500 br.rml. . . . .	430
Fyrir skip frá 501 til 1.000 br.rml. . . . .	455
Fyrir skip frá 1.001 til 1.500 br.rml. . . . .	480
Fyrir skip frá 1.501 til 2.000 br.rml. . . . .	505
Fyrir skip frá 2.001 til 3.000 br.rml. . . . .	545
Fyrir skip frá 3.001 til 4.000 br.rml. . . . .	580
Fyrir skip frá 4.001 til 5.000 br.rml. . . . .	615
Fyrir skip frá 5.001 til 10.000 br.rml. . . . .	655
Fyrir skip frá 10.001 til 15.000 br.rml. . . . .	700
Fyrir skip frá 15.001 til 20.000 br.rml. . . . .	750
Fyrir skip frá 20.001 til 30.000 br.rml. . . . .	800
Fyrir skip frá 30.001 og þar yfir . . . . .	860

Greiðsla fyrir hverja sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rml. . . . .	95
Fyrir skipa frá 501 til 5.000 br.rml. . . . .	112
Fyrir skipa frá 5.001 til 10.000 br.rml. . . . .	130
fyrir skip frá 10.001 og þar yfir . . . . .	152
Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 3.500. . . . .	

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 1.100 fyrir skip allt að 500 br.rml. og kr. 110 fyrir hverjar 100 br.rúmllestir skipsins þar yfir.

### 2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst. á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiðast með kr. 495 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstodarmann.

### 3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands auk ferðakostnaðar í veg fyrir skipið eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður biður skips eftir ákveðinn komu- eða brottfarartíma þess. Skal þá á sama hátt greitt með kr. 495 pr. klst., þó aldrei meira en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00:00-24:00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu 1. október til 31. mars og skal hún vera 1/3 hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr. Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48, 19. júní 1933, um leiðsögu skip, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögu við Íslands nr. 312, 15. júní 1987.

*Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Helgi Jóhannesson.*

Nr. 397

9. ágúst 1989

## SAMÞYKKT

### um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan bæjarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o.fl. og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 hefur bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum:

#### Löð/mannvirki:

Aðalgata 1  
Aðalgata 2  
Aðalgata 3  
Aðalgata 4a  
Austurgata 1  
Bókhlöðustígur 2  
Bókhlöðustígur 17  
Hafnargata 2  
Hafnargata 2a  
Hafnargata 4  
Hafnargata 8  
Silfurgata 22  
Silfurgata 24a  
Skólastígur 3  
Skólastígur 14  
Skólastígur 16  
Smíðjustígur 2  
Smíðjustígur 3  
Víkurgata 2  
Vík  
Ögur  
Ræktunarland

#### Skráðir eigendur:

Sigurður Ágústsson hf.  
Egilshús hf.  
Arnaldur Árnason  
Lionsklúbbur Stykkishólms  
Sigurður Ágústsson hf.  
Ólöf Guðbjartsdóttir  
Klara Hansen  
Sigurður Ágústsson hf.  
Kaupfélag Stykkishólms  
Kristinn Gestsson  
Einar Karlsson  
Jón Ásgeirsson  
Roy Shannon  
Héðinn F. Valdimarsson  
Kristjana Hannesdóttir  
Jakob Pétursson  
Björgunarsv. berserkir  
Kristján Guðmundsson o.fl.  
Pétur Árni Rafnsson  
Þorgrímur Bjarnason  
Lárus Hallfredsson  
Ræktunarfél. Stykkishólms.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*